

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2	HÖTE2HU05	
	Námsáætlun	
	Vorönn 2016	

Kennari	Borghildur Ina Sölvadóttir, ina@vma.is	Sk.st.	BÍN
----------------	--	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum kynnist nemandinn undirstöðuatriðum alhliða hugmyndavinnu. Hann vinnur eftir ferlinu frá því að hugmynd kviknar og þar til hún hefur fengið ákveðið form. Lögð er áhersla á sambandið milli hugmynda, hráefnis, tækni, aðferða og listrænnar sköpunar, greiningar og túlkunar. Nemandinn fær þjálfun í að þróa hugmyndir sínar, starfa sjálfstætt, setja fram hugmyndir, meta og gagnrýna eigin verk. Hver nemandi kynnir verkefni sín og þær lausnir sem notaðar eru. Áhersla er lögð á umræður um verkefni og að nemendur læri hver af öðrum.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- sambandi milli hugmynda, hráefnis, tækni, aðferða og niðurstöðu
- litum, gildi þeirra og notkun í umhverfi okkar
- hvernig náttúran og eigin menning er uppspretta hugmynda við eigin vinnu og hönnuða almennt
- heildar hönnunarferlinu

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:


- vinna með hönnun sína í myndvinnslu og munsturforritum
- tileinka sé nýngar í gegnum upplýsingamiðla, handbækur og fagtímarit
- nota mismunandi litasamsetningar

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- þróa hugmynd eftir markvissu þróunarferli
- setja fram hugmynd munnlega, skriflega og á myndrænan hátt
- nýta sér náttúru og eigin menningu sem uppsprettu hugmynda við eigin vinnu
- rökstyðja eigið verk, taka gagnrýni og gagnrýna aðra á jákvæðan hátt

Áætlun um yfirferð:

Vikur	Lota	Lýsing
	1	Unnið með margskonar skissuáðferðir og nemendur safna gögnum í skiss og hugmyndabanka. Úr hugmyndavinnunni skal þróa munstur.
	2	Unnið með margskonar skissuáðferðir og nemendur safna gögnum í skiss og hugmyndabanka. Úr hugmyndavinnunni skal þróa form á flíkur.
	3	Nemendur velja sér hönnunarverkefni og vinna með fyrirfram gefnar forsendur. Verkefnið reynir á hæfni þeirra til að velja úr hugmyndum og þróa þær áfram. Hér fá nemendur tækifæri til að kynnast ferlinu frá því að hugmynd kviknar og þar til hún hefur fengið ákveðið form.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Sambykkt: HJS		
Síða 2 af 2	HÖTE2HU05	
	Námsáætlun	
	Vorönn 2016	

4	Nemendur velja sér hönnunarverkefni og vinna með þema. Verkefnið reynir á hæfni þeirra til að rannsaka viðfangsefni, velja úr hugmyndum og þróa þær áfram. Nemendur frá innsýn inn í mikilvægi góðrar undirstöðu í hönnun og útfærslu verka sinna.
---	--

Nemendur skulu safna og halda til haga öllum gögnum úr áfanganum og skila þeim í lok annarinnar.

Námsgögn:

Stuðst verður við fagbækur og -tímarit sem eru í eigu skólans og kennara, ljósritað ítarefni frá kennara og vefsíður sem gagnast nemendum í vinnuferli sínu. Einnig verður kennsluvefurinn Moodle nýttur til að halda utan um verkefnalýsingar ofl.

Innkaup:

Nemendur þurfa að kaupa og eiga **góða skissubók með gormi**, liti, teikniáhöld, pappírsskæri og pappírslím sem þeir taka með sér í tímana.


Námsmat og vægi námsþátta:

Áfanginn er próflaus og í honum fer fram símat yfir önnina. Tekið verður tillit til færni nemenda í þáttum eins og úrvinnslu hugmynda, sjálfstæðis í vinnubrögðum, frágangs og ástundunar í tímum.

Lota	Verkefni	Vægi í %
1	Skissuvinna og úrvinnsluverkefni 1	30%
2	Skissuvinna og úrvinnsluverkefni 2	30%
3	Hönnunarverkefni út frá fyrirfram gefum forsendum	15%
4	Hönnunarverkefni út frá þema	15%
	Dagbók + Ferilmappa + Skissubók	10%

Dagsetning: 14.01.16


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils